

Nd.

677. Frumvarp

til laga um váttrygging fyrir sjómenn.

Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í Ed.

1. gr.

Það skal eftirleiðis vera skylt að váttryggja líf hérlandra sjómanna, er lögskráðir eru á íslensk skip, hvort sem þeir stunda fiskiveiðar, eru í förum með fram ströndum landsins eða landa á milli.

Ennfremur er skylt að váttryggja líf hérlandra sjómanna, er reka fiskiveiðar á vélarbátum eða róðrabátum, sexæringum eða stærri minst eina vertíð á ári.

2. gr.

Þegar lögskráð er til skiprúms á þilskipum, skal skráningarstjóri á sérstaka skrá rita nöfn, heimili, aldur og stöðu skipverja þeirra, er 1. gr. nær til, hvort heldur þeir eru ráðnir hásetar, stýrimenn eða skipstjórar.

Þegar formaður á vélarbát eða róðrabát (sbr. 1. gr.) hefir ráðið háseta sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta, þar sem báturinn gengur, skýrslu um nöfn þeirra, heimili og aldur ásamt gjaldi því, er greiða ber eftir 3. gr., en hreppstjóri sendir skýrsluna og gjaldið til sýslumanns sem skráningarstjóra. Skráningarstjóri skal senda skrá þessa og þá, sem nefnd er í fyrri málsgrein greinar þessarar váttryggingarstjórn þeirri, sem nefnd er í 4. gr. laga þessara.

3. gr.

Hver sá sjómaður, sem váttrygður er eftir lögum þessum, er skyldur að greiða í váttryggingarsjóð þann, er síðar getur um, gjald er nemur 18 aurum fyrir hverja viku, sem hann er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm og reiknast gjaldið frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm. Þriðjung á móts við gjald skipverjanna allra greiðir útgerðarmaður.

Útgerðarmaður þilskips greiðir skráningsstjóra gjald þetta fyrir sig og fyrir skipverja sína gegn endurgjaldi af kaupum þeirra eða hlut, og innheimtir skráningarstjóri það gjald. Gjald þetta greiðist þegar lögskráningin fer fram og má taka það lögtaki. — Formaður vélarbáts eða róðrabáts greiðir gjaldið fyrir útgerðarmann og skipverja til hreppstjóra eða bæjarfógeta (sbr. 2. gr.) gegn endurgjaldi af afla bátsins eða hlutum hásetanna. Gjald þetta má og taka lögtaki. Skráningarstjóri skilar gjaldinu í váttryggingarsjóð fyrir lok desembermánaðar ár hvert að frádregnum 2% innheimtulaunum af þilskipum og 4% af vélarbátum og róðrabátum, og gengur helmingurinn af hinu síðarnefnda gjaldi til hreppstjóra, þar sem hann hefir innheimtuna á hendi.

4. gr.

Váttryggingarsjóðnum skal stjórnað af 3 mönnum undir yfirumsjón landsstjórnarinnar. Landsstjórnin útnefnir einn mann í stjórn félagsins; fjölmennasta útgerðarmannafélag landsins kýs annan, en fjölmennasta hásetafélagið hinn þriðja.

A ári hverju fer einn nefndarmanna frá, í fyrsta skifti eftir hlutkesti, og er þá kosinn eða skipaður maður í hans stað, en endurkjósa eða skipa má þó hinn sama. Deyi stjórnarnefndarmaður eða fari frá af öðrum ástæðum milli kosninga, skipar landsstjórnin til bráðabirgða í nefndina í hans stað, þangað til nýr nefndarmaður getur orðið löglega skipaður. Landsstjórnin getur og vikið nefndarmanni frá, en gerir þá jafnframt ráðstafanir til, að nýr maður komi í hans stað. Í ómakslaun og til kostnaðar má með samþykki landsstjórnarinnar verja allt að 400 kr. á ári úr váttryggingarsjóðnum.

5. gr.

Nú druknar sjómaður eða deyr af slysförum á skipi á því tímabili, er hann greiðir váttryggingargjald fyrir samkvæmt 3. gr., og skal þá váttryggingarsjóður greiða til eftirlátinna vandamanna hans, ekkju, barna, foreldra eða systkina 100 kr. á ári í næstu 4 ár.

Séu engir slíkir vandamenn til, eignast váttryggingarsjóður upphæðina, nema öðru vísi sé ákveðið í lögumætri erfðaskrá.

6. gr.

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir leyfi til að skerða nokkuð af styrk þeim, er lög þessi heimila.

7. gr.

Nú kemur það fyrir, að váttryggingarsjóður hrekkur ekki til að greiða árgjöld þau, er á hann falla eftir 5. gr., og leggur landssjóður þá til það er á vantar, en það skal endurgoldið síðar, er hagur sjóðsins batnar. Tillag landssjóðs má þó aldrei nema meira en 15000 krónum.

8. gr.

Sjóður sá, er stofnaður er með lögum þessum, tekur við eignum og skuldbindingum váttryggingarsjóðs þess, er stofnaður var með lögum nr. 40, 10. nóv. 1903. Að öðru leyti eru þau lög úr gildi numin.

9. gr.

Landsstjórnin ákveður nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að feingnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 4. gr.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 5—100 kr. sektum, sem renna að hálfu í váttryggingarsjóð og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1910.